

26. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn í skemmuni á Hvanneyri 16. desember 2010 kl. 10:30. Mættir: Haraldur Benediktsson, Emma Eyþórsdóttir, Orri Páll Jóhannsson, Þórhallur Bjarnason, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Ágúst Sigurðsson rektor, og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Forföll boðuðu Jón Torfi Jónasson, Stefán Logi Haraldsson, Iðunn Hauksdóttir og Ásmundur Einar Daðason (varamaður HLP).

Dagskrá:

1. Fundargerð 25. fundar ráðsins. Samþykkt samhljóða.

2. Þróun ýmissa mála frá síðasta fundi. ÁS fór yfir nokkur atriði í starfi skólans frá síðasta fundi. Vinna um samstarfsnet háskóla hefur gengið samkvæmt áætlun, undirhópar hafa skilað tillögum sínum um möguleika á samstarfi til verkefnisstjórnar sem mun ákveða næstu skref. Meðal tillagna er að samræma nemendabókhald og kennsluferfi, mynda hvatasjóð fyrir sameiginlega kúrsa og bæta tæknibúnað s.s. fjárfundabúnað til að auðvelda samstarf.

Eftirfylgni við fjárlagagerð hefur einkum falist að afla heimilda vegna eignaumsýslu, farið var fram á heimild í fjárlögum 2010 til að leggja hlutafé í Grímshaga ehf. en félagið tók við búrekstri LbhÍ í ársbyrjun 2010. Þá er heimild í fjárlögum 2011 til kaupa á gömlu nautastöð BÍ við Vatnshamravatn en ekki var talið nauðsynlegt að óska eftir fjárlagaheimild til að selja Þormóðsdal en Mosfellsbær hefur óskað eftir viðræðum um kaup jarðarinnar. Heimild til að selja íbúðarhús inn í Húsfélag Hvanneyrar verður nýtt á árinu 2010.

Vísindafólk LbhÍ hefur markvisst leitað eftir fjármagni úr ESB sjóðum og úr fleiri áttum þar sem innlendir sjóðir hafa úr minna fjármagni að spila nú en undanfarin ár. Einhver ný verkefni eru í sjónmáli og þegar er búið að undirrita mikilvægan samning við Rio Tinto Alcan um fjármagn til votlendisseturs LbhÍ. Fyrsta doktorsvörn LbhÍ fór fram í nóvember, er það jafnframt fyrsta doktorsvörnin sem fram fer á Íslandi utan Háskóla Íslands. Gerð var athugun á samfélagslegum áhrifum háskólanna á Bifröst og Hvanneyri í tengslum við áform um sameiningu Bifrastar við Háskólann í Reykjavík.

Viðhaldsverkefni á vegum FR halda áfram á næsta ári, endanlegar ákvarðanir um það verða teknar á næstu vikum. Vinna er hafin við endurskoðun á háskólalögum og þar með búnaðarfræðslulögum. Þá er stofnun hollvinasamtaka LbhÍ í undirbúningi.

3. Rekstur LbhÍ jan – nóv. ÞTJ skýrði. Samkvæmt yfirliti eru bæði tekjur og gjöld í samræmi við áætlun og vonir bundnar við að rekstur ársins verði í jafnvægi.

4. Rekstraráætlun 2011. Áætlun lögð fram og rædd. Fjárveiting til útgreiðslu á fjárlögum ársins er 530,5 mkr. en var 573,4 mkr. árið 2010. Áætlaður launakostnaður er 604,6 mkr., annar kostnaður 410,2 mkr. og sértekjur 483,3 mkr. Velta LbhÍ er áætluð 1.014,8 mkr. og hefur þá dregist saman um upb 190 mkr. á síðustu tveimur árum. Umræða varð um stöðu rannsóknasjóða og þá óvissu sem ríkir nú í tekjuöflun til rannsókna. Verulegur niðurskurður er nú t.d. á framlögum til Framleiðnisjóðs Landbúnaðarins og vaxandi samkeppni um þá fjármuni sem rannsóknasjóðir hafa úr að spila. Rekstraráætlun samþykkt samhljóða.

5. Íslensk málstefna. ÁS kynnti drög að málstefnu. Menntamálaráðherra hefur beint því til íslenskra háskóla að þeir setji sér stefnu í notkun og meðferð íslensks máls. Umræða varð um kröfur gagnvart erlendum nemendum og að þær megi ekki hamla um of möguleikum þeirra til náms við skólann. Fram kom hvatning til nemenda og kennara um að birta almenna umfjöllun um viðfangsefni sín á íslensku. Samþykkt að senda drögin til umfjöllunar í deildum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50.